

# Ársskýrsla 2022

## Efnisyfirlit

1.0 Framkvæmd .....	1
2.0 Stjórnarnefnd .....	2
3.0 Samningar um landsaðgang .....	4
4.0 Þjónusta .....	6
5.0 Kynningarstarfsemi og fræðsla .....	7
6.0 Notkun .....	7
7.0 Yfirlit um notkun .....	9

*LANDSAÐGANGUR að rafrænum áskriftum* er upplýsingaveita fyrir Ísland.

Allir sem tengjast netinu í gegnum íslenskar netveitur hafa aðgang að þeim gagnasöfnum, rafrænu tímaritum og rafbókum sem eru í áskrift á vegum Landsaðgangs.

Á vefnum [hvar.is](http://hvar.is) er að finna upplýsingar um Landsaðgang, s.s. um áskriftir, notkunartölur, greiðendur og þar eru tenglar í leitarvélar birgja. Þá er á vefnum leitargluggi fyrir samleit í gegnum [leitir.is](http://leitir.is) að efni Landsaðgangs og efni í opnum aðgangi. Á vefnum eru einnig upplýsingar um íslensk gagnasöfn, fréttir af starfsemi Landsaðgangs og tilkynningar um viðburði. Vefsíðan er einnig á ensku.

### 1.0 FRAMKVÆMD

Skv. lögum um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn nr. 142/2011 er eitt af verkefnum safnsins að efla aðgang að erlendum gögnum í þágu vísinda og fræða, stjórnsýslu og atvinnulífs. Það er meðal annars gert með því að annast framkvæmd samninga um Landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum, tímaritum og bókum í samráði við helstu hagsmunaaðila. Í skýrslu innviðanefndar Vísinda- og tækniráðs, *Vegvísir um innviði til rannsókna* (2009) er Landsaðgangur skilgreindur sem rannsóknainnviður en til slíkra innviða telst það sem talið er nauðsynlegt fyrir iðkun vísinda.

Á fjárlögum ársins 2022 var úthlutað 35,5 milljónum kr. til Landsaðgangs. Það fé rennur til rekstrar verkefnisins og til niðurgreiðslu á samningum við birgja. Sérstakt framlag ríkissjóðs af fjárlögum 2022 var 82,0 milljónir kr. Heildarupphæð af fjárlögum til Landsaðgangs nam 117,5 millj. kr.

Heildarkostnaður við Landsaðgang á árinu 2022 var 270 milljónir, þar af 18,8 milljónir í rekstur en áskriftir kostuðu 240,6 milljónir.

Árlega er hluti útsendra reikninga ekki greiddur. Reynt er að innheimta þá eða semja um greiðslur, en þar sem engir formlegir samningar eru milli greiðenda og Landsaðgangs er erfitt að halda innheimtunni til streitu. Á árinu voru afskrifaðar, með heimild frá Ríkisendurskoðun, reikningar frá árinu 2018, alls 1,3 milljónir kr.

Umsjónarmaður Landsaðgangs frá 2008 er Birgir Björnsson. Störf hans felast m.a. í samskiptum við birgja og samningagerð., Umsjónarmaður annast þjónustu við notendur

og greiðendur, sér um kynningar og kennslu, uppfærir íslenskar IP-tölur, er ritstjóri vefsins hvar.is, er í samstarfi við starfsfólk Landskerfis bókasafna vegna lýsigagna og efnis Landsaðgangs, tekur þátt í störfum nefnda og hópa Landskerfis bókasafna eftir því sem við á og hefur umsjón með og stýrir vinnu rýnihópa um málefni Landsaðgangs. Nokkrir aðrir starfsmenn Lbs-Hbs koma að ýmsum verkefnum tengdum Landsaðgangi s.s. samningagerð, fjárumsýslu og vefmálum. Þessi störf samsvara um tveimur ársverkum í safninu.

## 2.0 STJÓRNARNEFND

Fimm manna stjórnarnefnd er landsbókaverði til ráðgjafar en í henni sitja fulltrúar helstu greiðenda. Hlutverk stjórnarnefndarinnar er að:

- a) taka þátt í stefnumótun og ákvarðanatöku um val á rafrænum áskriftum í landsaðgangi,
- b) ákveða kostnaðarskiptingu milli notendahópa á hverju ári, að teknu tilliti til hugsanlegra breytinga á högum hveftrar stofnunar,
- c) fara yfir og samþykkja árlega fjárhagsáætlun um innkaup og kostnaðarskiptingu sem Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn vinnur, og skal stefnt að því sú áætlun liggi fyrir eigi síðar en 1. október fyrir komandi ár,
- d) taka þátt í og / eða fylgjast með samningagerð við birgja,
- e) fylgjast með þróun mála á sviði rafræna áskrifta og opins aðgangs,
- f) fylgjast með þróun efnis í opnum aðgangi hjá útgefendum í Landsaðgangi með það að markmiði að nýta fjármuni sem best.

Stjórnarnefndin hélt þrjá fundi á árinu og þar af voru tveir fjarfundir. Nefndin starfar eftir erindisbréfi frá 29. maí 2018.

Í lok árs voru í stjórnarnefnd; Anna Sigríður Guðnadóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur hjá Heilbrigðisvísindabókasafni Landspítala, varamaður Magnús Gottfredsson, Anna Sveinsdóttir, safnstjóri bókasafns Náttúrufræðistofnunar Íslands, Baldvin Zarióh, deildarstjóri hjá Háskóla Íslands, varamaður Jenný Bára Jensdóttir, fjármálastjóri hjá Háskóla Íslands, Brjann Birgisson, verkefnisstjóri hjá Borgarbókasafni, varamaður Þóra Sigurbjörnsdóttir, verkefnisstjóri hjá Borgarbókasafni. Ragna Björk Kristjánsdóttir, forstöðukona bókasafns og upplýsingaþjónustu Háskólans í Reykjavík, varamaður Astrid Margrét Magnúsdóttir, forstöðumaður Bókasafns og upplýsingaþjónustu Háskólans á Akureyri. Formaður stjórnarnefndar er Guðrún Tryggvadóttir, sviðsstjóri hjá Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni. Sara Stef. Hildardóttir, forstöðukona bókasafns og upplýsingaþjónustu Háskólans í Reykjavík hætti í stjórnarnefnd á árinu.

### **Verkefni stjórnarnefndar**

Meðal annarra verkefna má nefna umfjöllun um tilboð og samþykkt samninga, breytingar á tímaritalistum, eftirlit með innheimtu og greiðslum, umfjöllun um notkun efnis í Landsaðgangi og samskipti við birgja, auk þess sem rætt var um opinn aðgang og þróun á útgáfu og sölu rafræns efnis.



Landsaðgangur hefur verið þátttakandi í International Coalition of Library Consortia (ICOLC) síðan 2009 og hefur aðgang að póstlista samtakanna. Þá er Landsaðgangur aðili að COUNTER (Counting Online Usage of Network Electronic Resources) síðan 2010 og hefur aðgang að upplýsingaveitum samtakanna. Samtökin hafa haft frumkvæði að þróun samnefndra staðla um talningu á notkun rafræns efnis. Óskað er eftir að þeir útgefendur sem skipt er við noti COUNTER staðal. Landsaðgangur tekur þátt í formlegu og óformlegu samstarfi Norrænna innkaupasamlaga að fræðilegu vísindaefni sem nefnist Nordlic Meeting. Á árinu voru haldnir sem næst mánaðarlegir fjarfundir þar sem að fjallað er um þau mál sem helst brenna á samlögunum hverju sinni. Vegna Covid-19 heimsfaraldurs var ekki haldinn árlegur fundur sem í þetta sinn átti að halda í Osló í Noregi.

### **Þátttaka í SCOAP3**

Landsaðgangur hefur, frá 2015 verið þátttakandi í SCOAP3 (Sponsoring Consortium for Open Access Publishing in Particle Physics). SCOAP3 er verkefni um opinn aðgang að efni tíu tímarita á sviði kjarneðlis- og öreindafræði og er á vegum CERN stofnunarinnar. Reikningar frá útgefendum lækka til greiðenda sem taka þátt í SCOAP3 og upphæðin sem er til lækkunar, greiðist CERN. Árið 2022 lækkaði áskriftarkostnaður Landsaðgangs vegna tímaritanna, *Journal of High Energy Physics*, *European Physical Journal C* frá Springer Nature og ritanna *Nuclear Physics B* og *Physics Letters B* frá Elsevier. Ekki er um sparnað að ræða heldur er litið á þátttöku í SCOAP3 sem stuðning við þróun á opnum aðgangi að niðurstöðum vísindarannsókna. Með þátttöku í SCOAP3 falla niður birtingagreiðslur í tímaritum verkefnisins fyrir höfunda sem tengjast íslenskum stofnunum. Á árinu 2022 birtist ein grein í opnum aðgangi í tímariti sem tilheyrir SCOAP3 verkefninu, þar sem fyrsti höfundur greinar starfar á vegum íslenskrar stofnunar, Háskóla Íslands. Á tímabilinu 2015 – 2022 birtust 19 greinar í opnum aðgangi, þar sem fyrsti höfundur greinar starfar hjá íslenskrri stofnun, sem í tilvikum var Háskóla Íslands.

### **Samningar vegna 2023 og síðar**

Áskrift að eftirfarandi tímarita- og gagnasöfnum voru endurnýjaðar: Freedom Collection frá Elsevier var endurnýjað til eins (2023). Reynt var að ná samningu um opinn aðgang við Elsevier en ekki náðist samkomulag. Viðræður halda áfram á árinu um slíkan samning. Þá var reynt að ná samkomulagi við Sage um opinn aðgang til tveggja ára, 2023 og 2024. Ekki náðist samkomulag fyrir lok ársins 2022 en viðræður munu halda áfram á árinu 2023. Áskrift að Web of Science var endurnýjuð til fimm ára, 2023 – 2027 ásamt kostuðum landsaðgangi að Journal Citation Reports. Landsaðgangsáskrift að greinasafni Morgunblaðsins var til umræðu í stjórnarnefnd en frá því að áskriftin hófst hafa orði miklar breytingar á fjölmiðlaumhverfi. Samþykkt var að á árinu yrði gerð könnun meðal þátttakenda og greiðenda Landsaðgangs að greinasafni Morgunblaðsins. Sendur var tölvupóstur til 101 aðila þar sem að spurt var hvort að segja ætti upp landsaðgangs áskrift að greinasafni Morgunblaðsins, að halda áfram að kaupa áskriftina, en einnig var hægt að velja þann valkost að vera hlutlaus og að taka ekki afstöðu. Niðurstaða könnunarinnar var að 43 aðilar (62,32%) völdu að segja ætti áskriftinni upp, 6 aðilar (8,70%) völdu að halda ætti áfram áskrift að greinasafninu og 20 aðilar (28,98%) sögðust vera hlutlausir. Af þeim sem tóku afstöðu með eða á móti var hlutfall þeirra sem hlyntir voru að hætta áskriftinni 87,76% en 12,24% vildu halda áfram áskrift. Í kjölfar könnunarinnar sagði landsbókavörður

áskriftinni upp með 12 mánaða fyrirvara. Landsaðgangur að greinasafni Morgunblaðsins hættir í lok apríl 2023.

### 3.0 SAMNINGAR UM LÁNSAÐGANG

Aðgangur að gagnasöfnum var óbreyttur á árinu.

*Gagnasöfn:*

- Encyclopedia Britannica (Academic og School)
- Greinasafn Morgunblaðsins – með 3ja ára birtingartöf
- Web of Science

Encyclopedia Britannica er safn greina sem að grunni til eru úr eldri prentuðum alfræðiritum og með síðari tíma viðbótum á vef. Landsaðgangur er að greinasafni Morgunblaðsins en með þriggja ára birtingatöf efnis. Web of Science er tilvísanasafn og sýnir útdrátt og bókfræðilegar upplýsingar um greinar í vísindatímaritum. Einnig er hægt að komast í tilvísandi greinar í Web of Science með krækjuckerfi Google Scholar.

*Samsöfn:*

Samsöfn eru söfn tímarita og annars rafræns efnis frá mörgum útgefendum sem veittur er aðgangur að. Gagnasafnið ProQuest Central er af þessu tagi. Ekki er allt efni í ProQuest Central í fullum texta og búast má við að birtingatöf á heildartexta.

- ProQuest Central

Í gagnasafninu er heildarfjöldi vísindarita 21.831 og þar af 13.086 í fullum texta og af þeim eru 11.754 ritrýnd. Heildarfjöldi tímarita í opnum aðgangi eru 6.712.

*Tímaritasöfn:*

Tímaritasöfn útgefenda innihalda aðallega tímarit frá einum útgefanda, en auk þess geta söfnin innihaldið tímarit frá öðrum einkum fræðafélögum.

- Elsevier - Freedom Collection. Fjöldi virkra áskriftartímarita er 2.010.
- Karger - Complete Collection. Fjöldi virkra áskriftartímarita er 92.
- Sage - Premier 2019. Fjöldi virkra áskriftartímarita er 881.
- Springer Nature – áskriftarpakki. Fjöldi virkra áskriftartímarita er 1.622.
- Wiley – áskriftarpakki. Fjöldi virkra áskriftartímarita er 654.

Fjöldi virkra áskriftartímarita hjá útgefendum er 5.259.

Fækkun hefur orðið á fjölda virkra tímarita miðað við árið 2021. Það getur t.d. skýrst af því að útgefendur breyta útgáfuformi ritana frá að vera áskriftartímarit í tímarit í

opnum aðgangi samkvæmt gylltu leiðinni. Það eru tímarit sem eru að fullu leiti í opnum aðgangi. Þá hefur ekki verið uppfært í nýrri útgáfupakka frá útgefendum.

Þegar fjöldi fræði- og vísindarita í áskrift hjá útgefendum og í gagnasafninu ProQuest Central eru meðtalin, eru í lok árs 2022 aðgangur að 18.345 tímaritstitlum í fullum texta á landsvísu. Ekki eru hér talin tímarit sem hætt hafa útkomu, færst til nýrra útgefenda eða sameinast öðrum vísindaritum. Aðgangur er jafnan að eldra efni tímaritanna frá því um 1995 og fram til þess að breytingar urðu á útgáfusögu þeirra.

#### *Rafbókasöfn:*

Í Landsaðgangi er aðgangur að tæplega 10 þús. rafbókatitlum frá Springer Nature sem keyptir voru til eignar á tímabilinu 2013-2015. Notendur geta hlaðið rafbókunum niður í tölvutæki sín og vistað þar svo lengi sem þeir kjósa.

- Springer Nature
  - Biomedical and Life Sciences (1.705 titlar)
  - Business and Economics (1.440 titlar)
  - Computer Science (3.201 titlar)
  - Earth and Environmental Science (1.163 titlar)
  - Humanities, Social Sciences and Law (2.379 titlar)

#### *Áskriftarkostnaður:*

Kostnaður við áskriftir var 240,6 milljónir kr., þar af 40,9 milljónir fyrir gagnasöfn og 199,7 milljónir fyrir tímaritasöfn. Framlag af fjárlögum til Landsaðgangs var 35,5 milljónir auk sérstaks framlags, en þar af var 26,3 milljónum varið til greiðslu á aðgangi. Framlag um 200 greiðenda var um 140,8 milljónir.

Greiðendur fyrir tímaritaáskriftir eru háskólar-, heilbrigðissöfn, rannsóknastofnanir, stjórnáskrifstofnanir, opinber hlutafélög og einkafyrirtæki. Auk þessara aðila greiða bókasöfn framhaldsskóla, rannsókn- og umsýslustofnanir og almenningbókasöfn fyrir gagnasöfn. Þá tekur Landsbókasafn Íslands – háskólabókasafn þátt í greiðslum bæði fyrir tímaritasöfn og gagnasöfn.

#### *Kostuð gagna- og greinasöfn:*

Fyrir utan hinn eiginlega Landsaðgang er aðgangur á öllu landinu að gagnasöfnum fyrir tilstilli aðila sem kosta þau. Greiðslur vegna þeirra eru ekki teknar með í tölum um kostnað við Landsaðgang og það sama á við um notkunartölur. Í upphafi árs 2017 hófst landsaðgangur að gagnasafninu Scopus sem er í boði; Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík, Háskólans á Akureyri, Landbúnaðarháskóla Íslands, Landspítala, Hafrannsóknastofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Krabbameinsfélags Íslands, Náttúrustofu Kópavogs og Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni.



<b>Kostaður landsaðgangur:</b>	<b>Aðilar sem kosta aðganginn:</b>
<ul style="list-style-type: none"><li>• OVID</li></ul>	Landspítali – Háskólasjúkrahús.
<ul style="list-style-type: none"><li>• Journal Citation Reports</li></ul>	Háskóli Íslands.
<ul style="list-style-type: none"><li>• ProQuest: ARTbibliographies Modern, SciTech Premium Collection og Social Science Premium Collection</li></ul>	Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík, Háskólans í Bifröst, Hafrannsóknastofnun, Landbúnaðarháskóla Íslands, Listaháskóli Íslands og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns.
<ul style="list-style-type: none"><li>• Scopus</li></ul>	Landspítali, Háskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík, Háskólinn á Akureyri, Landbúnaðarháskóli Íslands, Hafrannsóknarstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Krabbameinsfélag Íslands, Náttúrustofa Kópavogs og Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.

#### *Opinn aðgangur (OA):*

Sífelld færast í vöxt að greitt sé fyrir birtingu greina í opnum aðgangi. Frá árinu 2013 hafa útgefendur tekið saman upplýsingar um birtingar skv. gullnu leiðinni og ljóst er að þeim fjölgar á milli ára. Eitt af verkefnum Landsaðgangs er að fylgjast með þróun á þessu sviði með tilliti til samninga við útgefendur. Enn sem komið er hefur samlagið aðeins gert samning um opinn aðgang við einn útgefanda, Karger og birtist á síðasta ári ein grein frá Íslandi samkvæmt samningnum.

## 4.0 ÞJÓNUSTA

Á vefnum hvar.is er yfirlit yfir þjónustu Landsaðgangs. Þar er aðgangur að efni í áskrift og upplýsingar um starfsemina. Efni í landsaðgangi er leitarbært og aðgengilegt eftir ýmsum leiðum, s.s. beint frá leitarvélum og vefsíðum birgja, frá vefjum bókasafna, skóla eða annarra stofnana, frá leitar.is, í gegnum [tímaritalista](#) Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns á [landsbokasafn.is](#) og í gagnasafni Lbs-Hbs, [Leiðarvísar.is](#). Einnig er efni í landsaðgangi leitarbært með leitarvélum eins og Google og Google Scholar, en í gegnum krækjuckerfi þeirra er hægt að komast í greinar í landsaðgangi. Markmiðið er að auðvelda notendum að nálgast efni Landsaðgangs og að það sé aðgengilegt sem víðast.

### **Verkefnaáætlun – 2022**

Á vegum Lbs-Hbs er unnið að árlegum verkefnaáætlunum og tekur umsjónarmaður þátt í því starfi. Þar eru sett fram verkefni sem falla að stefnu safnsins og átaksverkefni sem teljast til daglegra starfa. Á árinu 2022 tók umsjónarmaður þátt í:

- Veffundum norrænna systursamlaga; Nordlic Meeting
- Áheyrnarfulltrúi á NOAF (Nordic Open Access Forum) vefundi í nóvember.
- Árlegum fundi norrænna systursamlaga Nordlic Meeting, sem haldinn var í Osló í Noregi.
- LundOnline Conference 2022, sem haldin var í Lund í Svíþjóð.

## **5.0 KYNNINGARSTARFSEMI OG FRÆÐSLA**

Umsjónarmaður tekur þátt í kynningarstarfi og fræðslu þegar eftir því er leitað. Á meðal verkefna á árinu var:

- Kynning á Landsaðgangi í námskeiði í upplýsingafræði við Háskóla Íslands.

Upplýsingum og fréttum var miðlað til notenda á vefnum hvar.is og á póstlistanum Skrudda, póstlista um bókasafna- og upplýsingamál. Þá eru tilkynningar sendar á póstlistann hi-starf@hi.is sem berst starfsmönnum Háskóla Íslands.

### **Heimsóknir fulltrúa birgja**

Umsjónarmaður hittir ýmsa fulltrúa og tengiliði Landsaðgangs á ráðstefnunni LundOnline. Eftir Covid heimsfaraldur er orðið algengara að tenglar Landsaðgangs hjá útgefendum og birgjum óski eftir fjarfundum með umsjónarmanni. Á árinu 2022 átti umsjónarmaður einn eða fleiri fjarfundi með fulltrúum Clarivate, Elsevier, Karger, ProQuest, Sage og Springer Nature.

## **6.0 NOTKUN**

Frá og með árinu 2021 styðjast allir birgjar Landsaðgangs við fimmtu útgáfu COUNTER-staðals við notkunartalningu, ef frá eru talin Encyclopedia Britannica og Morgunblaðið. Þá eru notkunartölur Karger að þessu sinni taldar samkvæmt 4. útgáfu staðalsins. Encyclopedia Britannica safnar notkunartölum samkvæmt staðlinum en hefur ekki sóst eftir vottun. Talinn er fjöldi sótttra greina í fullum texta hjá útgefendum og í gagnasafninu ProQuest Central. Þá hefur sú breyting orðið að ekki eru lengur taldir fjöldi bókakafalar hjá Springer Nature heldur er frá og með 2022 taldir fjöldi bókartitla sem sóttir eru. Web of Science er tilvísanasafn, sem geymir upplýsingar um greinar og útdrætti þeirra en ekki fullan texta. Þar sem það á við eru krækjur í greinar í fullum texta með krækjukerfum. Notkun á tilvísanasafninu Web of Science er mæld í heimsóknum (sessions) og leitum (queries) og er samkvæmt nýjustu útgáfu COUNTER-staðalsins.



Notkunartölur geta breyst milli ára ef uppgötvast að þær hafi verið of- eða vantaldar og er það þá leiðrétt með næstu ársskýrslu.

**Tafla 1.** Tímaritasöfn, fjöldi sótra greina í fullum texta.

Tímaritasöfn	2022	2021	2020	Breytingar
Elsevier Freedom Collection	<b>604.014</b>	517.865	581.582	<b>16,6%</b>
Karger Complete	<b>14.318</b>	13.225	10.055	<b>8,3%</b>
SAGE Premier 2019 tímaritapakki	<b>158.223</b>	168.599	119.611	<b>-6,1%</b>
Springer Nature tímaritapakki	<b>228.340</b>	188.319	164.195	<b>21,5%</b>
Wiley tímaritapakki	<b>256.365</b>	197.636	191.606	<b>29,7%</b>
<b>Samtals</b>	<b>1.261.260</b>	1.085.644	1.067.049	<b>16,3%</b>

**Tafla 2.** Samsöfn, fjöldi sótra greina í fullum texta.

Samsöfn	2022	2021	2020	Breytingar
ProQuest Central	<b>160.794</b>	<b>145.944</b>	142.853	<b>10,2%</b>
Ebsco Premier*			44.038	
<b>Samtals</b>	<b>160.794</b>	<b>145.944</b>	186.891	<b>10,2%</b>

\* Áskrift að Ebsco Premier lauk í árslok 2020

**Tafla 3.** Gagnasöfn, fjöldi sótra greina í fullum texta.

Gagnasöfn	2022	2021	2020	Breytingar
Encyclopedia Britannica	<b>642.414</b>	<b>437.134</b>	355.149	<b>46,9%</b>

**Tafla 4.** Samanlagður fjöldi sótra greina.

Heildarfjöldi sótra greina	2022	2021	2020	Breytingar
Tímarita-, sam- og gagnasöfn	<b>2.064.468</b>	1.668.722	1.609.089	<b>23,7%</b>

**Tafla 5.** Rafbækur.

Rafbækur	2022	2021	2020	Breytingar
Springer Nature**	<b>9.631</b>	8.432	8.085	<b>14,2%</b>

\*\* Frá og með 2022 er talinn fjöldi rafbókatitla sem eru sóttir en ekki fjöldi sótra bókkarkafla í fullum texta. Þetta er vegna breytinga í Counter Compliant staðlinum frá útgáfu 4 í fimmtu útgáfu. Aðeins er talin notkun á rafbókum sem komu út árin 2013, 2014 og 2015 en þá voru keyptir um 10 þús. rafbókatitlar til eignar frá Springer Nature.

**Tafla 6.** Samanlagður fjöldi sóttara greina og rafbókakafila fyrir 2022 en rafbókakafila árin 2021 og 2020.

Heildarfjöldi greina og rafbókakafila	2022	2021	2020	Breytingar
Tímarita-, sam-, gagna- og rafbókasöfn	<b>2.074.099</b>	<b>1.677.154</b>	1.617.174	<b>23,6%</b>

**Tafla 7.** Greinasafn Morgunblaðsins með 3ja ára birtingatöf, fjöldi sóttara greina.

Gagnasafn	2022	2021	2020	Breytingar
Morgunblaðið	<b>3.064.829</b>	2.967.219	3.563.278	<b>3,3%</b>

**Tafla 8.** Samanlagður fjöldi sóttara greina og rafbókakafila allra gagnasafna.

Heildarfjöldi sóttara greina og bókakafila	2022	2021	2020	Breytingar
Tímarita-, sam-, gagna- og rafbókasöfn og Morgunblaðið	<b>6.313.095</b>	5.705.535	4.413.584	<b>10,6%</b>

**Tafla 9.** Tilvísanasafn, fjöldi heimsóknna og fjöldi leita.

Tilvísanasafn	2022	2021	2020	Breytingar
Web of Science (heimsóknir/sessions)	<b>65.168</b>	190.584	65.850	<b>-65,8%</b>
Web of Science (leitir/queries)	<b>75.151</b>	296.104	124.560	<b>-74,6%</b>

## 7.0 YFIRLIT UM NOTKUN

Fjöldi sóttara greina í tímaritasöfnum jókst að meðaltali um tæplega 16,3% árið 2022. Hjá Elsevier var aukning um 16,6%, hjá Karger jókst fjöldi sóttara greina um 8,3%, hjá SAGE fækkaði fjöldi sóttara greina um 6,1%, hjá Springer Nature var aukning um 21,5% og notkun hjá Wiley jókst um 29,7%.

Heildarfjöldi sóttara greina í fullum texta í ProQuest Central samsafninu jókst um 10,2%.

Notkun á Encyclopedia Britannica jókst um 49,6%.

Notkunartölur yfir rafbækur frá Springer Nature jukust um 14,2% frá fyrra ári. Hafa verður í huga að fram til 2022 var fjöldi sóttara rafbókakafila talinn. Frá og með 2022 er fjöldi sóttara rafbókakafila talinn. Notkunartölur á milli árana 2021 og 2022 eru því ekki samanburðarhæfar.

Heildarfjöldi greina og fjöldi rafbókatitla í fullum texta var 23,6% meiri en árið áður, en þá var fjöldi rafbókakafla talinn.

Fjöldi sótttra greina í greinasafni Morgunblaðsins jókst um 3,3%.

Heildarfjöldi sótttra greina og bókartitla (áður bókarkafla) ásamt blaðagreinum úr Morgunblaðinu jókst um 10,6%.

Heimsóknnum í Web of Science fækkaði um -65,8% og fjöldi leita fækkaði um -74,6%.

Nánari upplýsingar um notkun er að finna á vef Landsaðgangs - hvar.is, á undirsíðunni *Um landsaðgang og velja svo Notkunartölur*.

Mars 2023,  
Birgir Björnsson  
verkefnisstjóri Landsaðgangs að rafrænum áskriftum.